

Viðtakandi Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Vestmannaeyjabær
Dagsetning: 22. nóvember 2018

Efni: Umsögn um samgönguáætlanir 2019-2033

Vísað er til umsagnarbeiðna Alþingis nr. 10351 um fimm ára samgönguáætlun (tilv. 172. mál, þingskj. 173) og nr. 10352 um samgönguáætlun 2019-2033 (tilv. 173. mál, þingskj. 174) sem flutt verða í formi þingsályktunartillagna á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Umsögn Vestmannaeyjabæjar nær einkum til fyrirhugaðra fjárveitinga vegna framkvæmda, viðhalds og búnaðar fyrir mannvirki er varða samgöngumál í Eyjum, þ.e. til flugvallarins, Vestmannaeyjahafnar og Landeyjahafnar.

Flugvöllur	2019	2020	2021	2022	2023
Yfirborðsviðhald			120		
Viðhald húsnæðis			8		
Leiðsögu og ljósabúnaður	40	25			

Vestmannaeyjabær lýsir yfir ánægju með að gert sé ráð fyrir fjárveitingu til viðhalds á flugvöllum í Vestmannaeyjum, enda skipar flugvöllurinn stóran sess í öryggimálum Vestmannaeyja og sérstaklega nú þegar verið að draga saman í heilbrigðisþjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Vestmannaeyjabær hefði viljað að viðhald á yfirborði flugvallarins hefði komið til fyrir en árið 2021 og gert hefði verið ráð fyrir 120 m.kr. vegna yfirborðsviðhalds á fjárlögum næsta árs eða árið 2020 í síðasta lagi.

Sjúkraflug til Vestmannaeyja hafa verið 110 það sem af er árinu 2018 og flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki í öryggi íbúa Vestmannaeyja. Löngu er orðið tímabært að gera við yfirborð flugvallarins.

Vestmannaeyjabær vill jafnframt koma á framfæri mikilvægi þess að íbúum Vestmannaeyja gefist kostur á flugsamgöngum á viðráðanlegu verði og horfa í því sambandi til hinnar svokölluðu skosku leiðar (Air Discount Scheme, ADS), þar sem flugfargjöld fyrir íbúa á jaðarsvæðum eru niðurgreidd af ríkinu í samræmi við reglur Evrópusambandsins.

Vestmannaeyjahöfn	2019	2020	2021	2022	2023
Hörgeyrargarður	24,1				
Hafnarkostur fyrir stór flutningaskip					

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til Vestmannaeyjahafnar að upphæð 24,1 m.kr. til styttingar á Hörgeyrargarði. Ekki er hinsvegar gert ráð fyrir fjármagni í athugun á aðstöðu vegna stórra flutningaskipa. Ljóst er að flutningaskip framtíðarinnar munu ekki geta athafnað sig í Vestmannaeyjahöfn að öllu óbreyttu. Snúningssvæði hafnarinnar rúmar ekki lengri skip en 140 metra, en kröfur um hagkvæmni í flutningum og umhverfisvernd leiða til þess að flutningaskip framtíðarinnar verða stærri og afkastameiri.

Það er ljóst að bregðast þarf við, enda Vestmannaeyjahöfn með stærstu útflutningshöfnum landsins og mjög mikilvægt að hægt sé að sinna flutningum til og frá Vestmannaeyjum með hagkvæmum, umhverfisvænum og öruggum hætti.

Vestmannaeyjabær óskar eftir því að horft sé til framtíðar og tryggt verði fjármagn í hönnun og framkvæmd á stórskipakanti.

Landeyjahöfn

Framkvæmdir við vita og hafnir
Botndælubúnaður

2019	2020	2021	2022	2023
642	641	464	394	344
730				

Landeyjahöfn skiptir lykilmáli í samgöngum til Vestmannaeyja. Nú þegar ný ferja er væntanleg er nauðsynlegt að allt sem mögulegt er, sé gert til að halda Landeyjahöfn opinni sem samgönguleið til Vestmannaeyja. Um Landeyjahöfn fara um 300 þús. farþegar á ári og má búast við aukningu á fjölda ferðamanna með tilkomu nýrrar ferju.

Nauðsynlegt er að leggja fjármagn í rannsóknir á Landeyjahöfn, með það að markmiði að gera hana að heilsárshöfn, ekki síst með tilkomu nýrrar ferju. Vestmannaeyjabær telur æskilegt að óháðir aðilar komi að þeirri vinnu og móta tillögur til úrbóta. Það er ótækt að þegar ný ferja hefur siglingar vorið 2019, sé Landeyjahöfn enn aðeins nothæf hluta úr ári, eins og hún var við opnun árið 2010.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar



Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs